

Mánudaginn 2. apríl 1990.

Nr. 129/1990. **Ákærvaldið**

gegn

**Sverri Þór Einarssyni og
Þuríði Björgu Birgisdóttur.**

Kærumál. Dómari vikur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ákærðu hafa með kæru 22. mars sl. skotið til Hæstaréttar með leyfi ríkissaksóknara úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem uppkveðinn var 16. s.m. og birtur 21. s.m. Kæruheimild er til í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. mgr. 174. gr. sömu laga. Ákærðu krefjast þess, að úrskurðinum verði hrundið og að dómaranum verði gert að víkja sæti í málinu. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

I.

Í máli þessu er ákærða Sverri Þór gefið að sök að hafa „... í apríl/maí 1986 ákveðið að kaupa hass erlendis og selja það hér á landi í ágóðaskyni og verja til efniskaupanna kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega og ákærði Sverrir Þór fékk í hendur og skipti að mestu leyti í erlendan gjaldeyri, — um mánaðamót maí/júní s.á. í Amsterdam ásamt G... lagt á ráðin um útvegum á hassi og flutning þess hingað til lands og samkvæmt þessum ráðagerðum móttengið tæp 3 kg (2.989,5 g) af hassi á Hótel Loftleiðum við Reykjavíkurflugvöll aðfaranótt 21. júní 1986 af A..., sem fenginn hafði verið til að flytja efnið, en lögreglan handtók ákærða strax eftir móttöku efnisins, og hafði hann þá til reiðu á heimili sínu framangreindan gjaldeyri, 5.061 Bandaríkjadal, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund, sem hann hugðist afhenda nefndum A...“

Ákærðu Þuríði Björgu er gefið að sök að hafa „... í félagi við meðákærða, Sverri Þór, fyrir framangreinda utanför hans lagt fram

kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega, til kaupa á hassi erlendis með það fyrir augum að selja efnið hér á landi með hagnaði...“.

Brot ákærðu eru talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Í ákæru kemur fram, eins og að framan er rakið, að ákærði Sverrir Þór var handtekinn strax eftir móttöku efnisins aðfaranótt 21. júní 1986. Í hinum kærða úrskurði kemur fram, að Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, sem gegndi störfum lögreglufulltrúa í ávana- og fíkniefnadeild á þessum tíma, stóð fyrir handtökuaðgerðum. Fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum heimilar sömu nótt og Sverrir Þór er handtekinn húsleit að dvalarstað hans og á heimili ákærðu Þuridar Bjargar og loks gæsluvarðhald yfir Sverri Þór. Samkvæmt gögnum málsins fer síðan fram lögreglurannsókn við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík.

Verjandi ákærðu krefst þess, að sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum og fulltrúar hans víki sæti í málinu. Málsástæður hans og rök fyrir kröfum hans koma fram í hinum kærða úrskurði.

II.

Fram til 1. júlí 1986, er lög nr. 29/1986 um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum tóku gildi, giltu lög nr. 52/1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum með áorðnum breytingum. Þessi síðarnefndu lög voru þannig í gildi, er rannsókn máls þessa hófst. Í 8. gr. laga nr. 52/1973 segir:

„Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og undir hans stjórn skal starfa sérstök deild lögreglumanna.“

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um samvinnu og frekari starfsskiptingu milli lögregludeildar þessarar og almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.“

Þessi sérstaka lögregludeild mun aldrei hafa verið stofnuð, og reglugerðin um samvinnu og starfsskiptingu mun aldrei hafa verið sett. Ávana- og fíkniefnadeild mun aftur á móti vera starfrækt innan lögreglunnar í Reykjavík. Hvert samband hennar var við dómara í ávana- og fíkniefnamálum á þeim tíma, er hér um ræðir,

er óljóst. Þetta breytir því ekki, að samkvæmt lagaákvæðinu skyldi lögregludeild vinna undir stjórn dómara í ávana- og fíkniefnamálum. Ákærðu höfðu vegna lagaákvæðisins ástæðu til að ætla, að ávana- og fíkniefnadeild starfaði undir stjórn hans, og gátu ekki vitað, hvernig starfsskiptingu milli hans og lögreglunnar í Reykjavík var háttað. Hæstiréttur hefur í dómi 9. janúar sl. komist að þeirri niðurstöðu, að skýra beri 36. gr. 7. tl. laga 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, svo, að sá, sem vinnur að lögreglurannsókn máls, geti ekki verið dómari í því máli. Dómarinn í ávana- og fíkniefnamálum hefur verið sá sami, frá því að stöðu þessari var komið á fót. Ákærðu í máli þessu höfðu, eins og að ofan er rakið, ástæðu til að ætla, að dómarinn í ávana- og fíkniefnamálum og fulltrúar hans hefðu haft yfirstjórn rannsóknar máls þeirra. Auk þess er ekkert fram komið í máli þessu, hvernig háttað var stjórn umræddrar rannsóknar og um afskipti dómarsins í ávana- og fíkniefnamálum af henni. Verður því að telja með tilvísun til raka tilvitnaðs dóms, að dómaranum og fulltrúum hans hafi borið þegar af þeim ástæðum að víkja sæti í málinu.

Hinum kærða úrskurði er því hrundið og lagt fyrir dómarsinn í ávana- og fíkniefnamálum að víkja sæti í málinu.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, ber að víkja sæti í máli þessu.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. mars 1990.

Ár 1990, föstudaginn 16. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, og þá af Ásgeiri Friðjónssyni upp kveðinn úrskurður þessi.

Samkvæmt ofanskráðu verða afskipti þessa embættis af þessu máli talin eðlileg og nauðsynleg. Ekkert er í því sambandi, sem veldur vanhæfi dómara hér við embætti að fara með umrætt mál og dæma í því.

Ber því að hafna kröfum verjanda. Athugasemdir ákærða um meintan

of mikinn samgang þessa embættis við lögreglu haggja ekki þeirri niðurstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, vísar ekki sæti í ofangreindu máli.
